



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



VINAGARÐUR
Leikskóli KFUM og KFUK

Leikskólinn Vinagarður Starfsáætlun 2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós Vinagarðs	4
1. Greinargerð leikskólastjóra.....	5
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	7
3. Umbótaáætlun Vinagarðs 2022-2023.....	9
4. Innra mat Lambagarðs – deild fyrir börn fædd 2019 og 2020.....	11
5. Innra mat Ungagarðs – deild fyrir börn fædd 2019 og 2020	12
6. Innra mat Grísagarðs – deild fyrir börn fædd 2018 og 2019	13
7. Innra mat Kópagarðs – deild fyrir börn fædd 2017 og 2018	14
8. Innra mat Uglugarðs – deild fyrir börn fædd 2016 og 2017	15
9. Innra mat sérkennslu	16
10. Innra mat – fjöltyngd börn.....	16
11. Umbótaáætlun sérkennslu og fjöltyngdra barna 2022-2023	17
12. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	18
13. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	18
14. Foreldrasamvinna	19
15. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	20
Fylgiskjal 1 Umsögn foreldraráðs	21





1. Greinargerð leikskólastjóra

Undanfarið starfsár er mitt fyrsta við Vinagarð en farsæll leikskólastjóri til 22 ára lauk störfum við skólann vorið 2021. Þessi tími hefur að mínu mati og í fáum orðum verið skemmtilegur, krefjandi, fjölbreyttur, spennandi og skapandi. Ég hlakka mikið til komandi starfsárs.

Vinagarður hefur búið að góðum kjarna fagfólks og reynslumikils starfsfólks sem er þakkarvert. Ein af helstu áskorunum leikskólastigsins er að laða kennara til starfa. Í Vinagarði verður lögð áhersla á að bæta starfsaðstæður og starfsumhverfi þannig að leikskólinn verði eftirsóknarverður vinnustaður. Sem dæmi um leiðir til að vinna að því markmiði var á starfsárinu var þróaður námssamningur fyrir starfsfólk sem vill sækja sér fagmenntun sem tekur gildi í ágúst 2022 auk þess sem vinnutímanefnd skólans vann tillögur að breyttum vinnutíma deildarstjóra og kennara sem leiðir til aukins faglegs samstarfs deilda og meiri samfellu í starfi á deildum. Nýr vinnutími tekur gildi á næsta starfsári. Á næsta starfsári hefst einnig endurskoðun skólanámskrár með virkri þátttöku allra í nærumhverfi skólans og er það frábært tækifæri til að styrkja lærdómssamfélag, faglega sýn og sérstöðu skólastarfsins auk þess sem tekið verður mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar sem ekki var til þegar núverandi skólanámskrá var unnin.

Á liðnu starfsári var átak gert í innra mati og stofnað innra matsteymi en hlutverk þess er að tryggja að mat á markmiðum og áherslum skólans sé markvisst og umbætur í skólastarfi byggja á niðurstöðum þess. Matsteymið skipa fulltrúar allra deilda og fulltrúar foreldra koma inn í teymið næsta starfsár. Börnin eru líka mikilvægur aðili að mati á leikskólastarfinu og verða áfram þróaðar leiðir til að auka aðkomu þeirra en tilraunir voru gerðar með það á liðnu starfsári. Matsáætlun var gerð, bæði til lengri tíma og fyrir starfsárið og gekk mjög vel að virkja starfsfólk til þátttöku og að afla fjölbreyttra gagna um flest svið skólastarfsins. Matsteymi þróaði form fyrir skráningu á frjálsum leik barna sem allt starfsfólk tók þátt í og skilaði miklu. Umbótaáætlun skólans fyrir komandi starfsár byggir því á traustum gögnum um starfið og markviss umbótaverkefni verða í gangi eins og sjá má á meðfylgjandi áætlun. Áhersla á innra mat fylgir vel þeim áherslum á gæðastarf sem menntastefna Reykjavíkurborgar leggur.

Í Vinagarði er stöðugt unnið með umhverfisvitund enda er skólinn og leiksvæði hans sérstaklega vel úr garði gert fyrir slíkt starf og má segja að náttúran sé mikilvægur hluti af leikefni skólans. Vorið 2022 fór starfsfólk í námsferð til Þýskalands þar sem auk annars var farið á námskeið um nýtingu náttúru og umhverfis í leik og sköpun. Þar fengum við margar góðar hugmyndir til að tengja betur saman náttúrulæsi, leik, skapandi starf og hreyfingu í leikskólastarfinu. Lögð er rík áhersla á að í leikskólanum sé notalegt andrúmsloft og að þar ríki gleði og væntumþykja. Börnin læra að bera umhyggju og virðingu fyrir öðrum og að verða sjálfstæðir einstaklingar með góða og sterka sjálfsmynd. Börnin í Vinagarði tóku sem fyrr þátt í verkefninu „Jól í skókassa“ en verkefnið er einstök leið til að kenna börnunum samkennd og ábyrgð, að okkur komi náunginn við.



Á hverju starfsári er unnið með þema sem hefur áhrif á allt starf leikskólans hvort sem það er hópastarf, hreyfing, málörvun, myndsköpun eða tónlist. Þema starfsársins var vatnið sem gaf fjölbreytt möguleika á áhugaverðum verkefnum sem og tengingum við kristilega fræðslu í anda stefnu skólans. Elstu börnin héldu hugarflugsfundi í tengslum við þema vetrarins og ákváðu þannig viðfangsefni sín sjálf að miklu leyti. Yngri börnin höfðu til dæmis val um efnivið í sinni sköpun og gátu þannig fengið að tjá sínar áherslur og áhuga.



Farartæki á/í vatni



Áhrif vatns á plöntur



Regnbogafiskar

Leikskólinn er mikilvægt skólastig þar sem í gegnum leikinn er grunnur lagður að þroska og lífsgildum yngstu barnanna. Gildi og sýn Vinagarðs, leikskóla KFUM&K, um trú, von og kærleika eru gott veganesti inn í framtíð þar sem allt er breytingum háð. Ég þakka starfsfólki hans fyrir framúrskarandi störf á árinu og fyrir að hafa skapað börnunum hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi. Við horfum björtum augum fram á veginn og hlökkum til að þróa áfram leikskólastarfið í Vinagarði.

Reykjavík, 23.júní 2022

Hildur B. Svavarsdóttir, leikskólastjóri

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Greinargerð um innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stjórnun skólans, faglegt samstarf, leikskólaþróun, áætlanir	Starfsmanna-samtöl, stm.könnun, umræða matsteymis	Starfsfólk og stjórnendur	Styrkleikar: Skýr stefna. Verkaskipting stjórnenda, rekstur skólans og ráðningarferli. Símenntunaráætlun tekur mið af stefnu skólans, menntastefnu Rvk og óskum starfsfólks. Tækifæri til umbóta: Stjórnendateymi virkara í að fylgjast með hvernig unnið er að stefnu skólans. Ýmsar mikilvægar áætlanir annað hvort ekki fullunnar eða kynntar fyrir starfsfólki. Meira svigrúm fyrir faglegt samstarf. Starfsmannahandbók óvirk.
Skipulag náms, leikur og nám, mat á námi og velferð barna	Gátlistar um náms-umhverfi, skráningar á frjálsum leik deilda, rýnihópur barna, umræður deildarstjóra, foreldra-könnun	Starfsfólk, börn, foreldrar	Styrkleikar: Frjálsi leikurinn hefur gott rými í dagskipulagi og nær oft að flæða milli inni og útisvæða. Börnin eru hugmyndarík og næm á þróun leiksins og samskipti leikfélaga. Starfsfólki fannst gaman að kynnast skráningu og leiddi til góðrar umræðu á deildum og nýrri sýn á leikinn. Undirbúningsaðstaða er góð og einnig rými fyrir samstarf. Leiðir er fjölbreytt og vekur áhuga barnanna. Svæði sem nýtt eru undir frjálsan leik komu best út úr mati barna á umhverfi sínu. Foreldrar telja börn sín fá góðan stuðning í leikskólanum. Tækifæri til umbóta: Auka skráningar bæði á hópum og einstaklingsskráningar, getur verið hluti af miðlun upplýsinga til foreldra um þroska barnsins. Skoða efnivið og hvað er aðgengilegt hverju sinni og hvaða efniviður virkar saman sem ýtir undir leikinn. Finna leiðir til að börn geti verið út af fyrir sig og fengið næði þegar þarf. Efniviður mætti vera opnari og styðja betur við sköpun og tjáningu barnanna. Einnig mætti efniviður styðja betur við hreyfifærni yngri barna. Rýnihópar barna sýna að opinn efniviður þarf að vera víðar í skólanum og skoða þarf skipulag matmálstíma hjá elstu börnum. Upplýsa foreldra betur um viðfangsefni deilda, auka endurgjöf til foreldra þegar barni gengur vel og um framfarir í þroska og námi.
Mannauður	Starfsmanna-samtöl og starfsmanna-könnun	Starfsfólk	Styrkleikar: Starfsfólk þekkir stefnu og gildi skólans og hún er sýnileg í daglegu starfi. Skýr fagleg sýn og samstarf. Vel gengur að leysa vandamál sem upp koma og góður stuðningur frá vinnufélögum. Gott skipulag og vinna á skipulagsdögum og fundum. Tækifæri til umbóta: Virkja starfsfólk í endurskoðun á skólanámskrá. Auka hrós og endurgjöf til starfsfólks. Vinna með samskipti og traust. Skoða ólík samskipti eftir kyni/aldrí.



Leikskólabragur viðmót og menning, þátttaka foreldra í leikskólastarfi	Foreldra-könnun, rýnihópur barna, umræða í stjórn leikskólans	Foreldrar, börn, starfsfólk	Styrkleikar: Foreldrar eru mjög ánægð með skólastarfið í heild og samskipti við starfsfólk. Þau telja barninu líða vel í leikskólanum og því sé mætt á sanngjarnan hátt. Einnig eru foreldrar mjög ánægðir með innra starf deilda og barnið þeirra sé hvatt til sjálfstæðis. Rýnihópar barna voru jákvæðir í garð leikskólastarfsins, frjáls leikur og útivera komu vel út og börnin sækjast eftir þátttöku starfsfólks. Tækifæri til umbóta: Foreldrar vilja fá ítarlegri upplýsingar um viðfangsefni barnsins, þegar barni gengur vel og framfarir í þroska og námi. Einnig mætti skoða nokkur atriði sem snerta öryggi á útisvæði skólans. Skipulag matartíma hjá elstu börnum má endurskoða að þeirra mati og einnig hluta af leikefni sem þau nota lítið.
Innra mat, skipulag og gagnaöflun	Umræða matsteymis	Starfsfólk	Styrkleikar: Unnin var matsáætlun til fjögurra ára og nákvæm áætlun um gagnaöflun fyrir árið 2021-2022. Matsteymi aflaði fjölbreyttra gagna og allir starfsmenn komu að matsvinnunni með einhverjum hætti. Innra matið er grunnur að umbótaáætlun skólans og birt með starfsáætlun á heimasíðu skólans. Tækifæri til umbóta: Taka þarf fulltrúa frá foreldrum inn í matsteymi skólans. Einnig þarf að skoða hvernig börn koma í ríkara mæli að innra mati. Finna leiðir til að eiga samtál við starfsfólk, foreldra og börn um niðurstöður mats og umbætur.

Greinargerð um ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Ytra mat frá skóla- og frístundasviði	Skil á gögnum, spurningalisti, heimsókn í leikskólann	Stjórnendur	Gögn skólans, umhverfi og aðbúnaður metin í góðu lagi. Engar ábendingar komu fram um tækifæri til umbóta.
Viðhorf foreldra	Foreldrakönnun gerð í maí 2022	Foreldrar	Styrkleikar: Foreldrar eru mjög ánægð með skólastarfið í heild og samskipti við starfsfólk. Þau telja barninu líða vel í leikskólanum og því sé mætt á sanngjarnan hátt. Einnig eru foreldrar mjög ánægðir með innra starf deilda og barnið þeirra sé hvatt til sjálfstæðis. Tækifæri til umbóta: Foreldrar vilja fá ítarlegri upplýsingar um viðfangsefni barnsins, þegar barni gengur vel og framfarir í þroska og námi. Einnig mætti skoða nokkur atriði sem snerta öryggi á útisvæði skólans.



3. Umbótaáætlun Vinagarðs 2022-2023

Umbótaáætlun skólans 2021-2022 var metin reglulega yfir veturinn og lokamat fór fram þann 14.júní 2022. Þeir þættir sem fóru áfram í neðangreinda umbótaáætlun 2022-2023 eru endurskoðun skólanámskrár, upplýsingamiðlun til foreldra og móttöka og stuðningur við fjöltyngd börn sem hluti af handbók skólans um stuðning. Símenntunaráætlun, mat á frjálsum leik barna, stofnun matsteymis, gerð matsáætlunar til 4 ára og þáttaka starfsfólks í innra mati lauk með fullnægjandi hætti.

Umbótaþáttur	Umbótatækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok	Mat	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Halda áfram að endurskoða skólanámskrá	Starfsfólk og foreldrar taka þátt í hópavinnu og leggja til hugmyndir. Skoðaðar verða áhugaverðar námskrár og fræðilegt efni	Stjórnendateymi	Sept. 2022	Júní 2023	Lagt mat á þátttöku og virkni eftir fundi, lokaafurð metin skv.gátlistum	Langt komin drög að nýrri skólanámskrá liggja fyrir
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Kynna, klára og gera ýmsar áætlanir	Próa starfsmannahandbók, skoða drög að ýmsum áætlunum, klára þær og kynna fyrir starfsfólki	Skóla-stjórnendur	Ágúst 2022	Jan. 2023	Skoða hvort þær áætlanir sem vinna þarf séu tilbúnar.	Leikskólinn hafi tilbúnar þær áætlanir sem kveðið er á um að eigi að vera til staðar.
Faglegt samstarf	Undirbúningstími kennara nýttist betur í faglegt samstarf	Samræma undirbúningstíma kennara	Stjórnendateymi	Sept. 2022	Jan. 2023	Mat kennara, spurningalisti	Meirihluti kennara telji að gott rými sé fyrir faglegt samstarf
Uppeldis- og menntastarf							
Námssvið leikskólans, leikskóli margbreytileikans	Handbók um stuðning í leikskólanum	Gera læsisáætlun, flokka stuðningsgögn, gera móttökuáætlun, birta verkferla í stuðningi	Sérkennslustjóri	Sept. 2022	Júní 2023	Meta hvort áætlanir séu tilbúnar, stuðningsgögn flokkuð	Handbók liggi fyrir og hafi verið kynnt starfsfólki og foreldrum
Uppeldi, menntun, starfshættir	Meta skipulag, innihald og skilning barna á kristilegri fræðslu	Skoða framkvæmd á öllum deildum, rýnihópar barna og foreldra um viðfangsefnið	Matsteymi	Sept. 2022	Júní 2023	Rýnihópar barna, spurningar til foreldra, gátlisti starfsfólks	Fyrir liggi greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta í kristilegri fræðslu.



Umbótaþáttur	Umbótataækifæri	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok	Mat	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastarf							
Skipulag náms og námsaðstæður	Styðja við frjálsan leik barna	Endurskoða leikrými í samræmi við niðurstöður úr skráningu á frjálsum leik, útvega efnivið sem styður betur við frjálsa leikinn	Stjórnendateymi	Sept. 2022	Jan. 2023	Gátlisti um námsumhverfi lagður aftur fyrir starfsfólk deilda, rýnihópur starfsfólks	Jákvæðar breytingar hafi orðið á mati starfsfólks á námsumhverfi
Mat á námi og velferð barna	Auka uppeldisfræðilegar skráningar	Fá fræðslu um skráningar til starfsfólks, setja markmið um skráningar á hverri deild	Skóla-stjórnendur	Jan. 2023	Júní 2023	Hvort deildir hafi gert a.m.k. 10 litlar skráningar í vetur	Deildir hafi nýtt og miðlað niðurstöðum skráninga.
Mannauður/leikskólabragur							
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Kynna betur starf leikskólans og miðla betur upplýsingum um barnið	Miðla skráningum, fá rýnihóp foreldra til að kortleggja leiðir að bættri upplýsingamiðlun, innleiða Völukerfið	Stjórnendateymi	Sept. 2022	Júní 2023	Foreldrakönnun, viðburðakönnun, rýnihópur foreldra, tíðni skráninga í Völu	Að ánægja foreldra með upplýsingamiðlun og þekkingu á starfi hafi hærri meðaltal en í könnun 2022
Starfsánægja	Vinna áfram að góðum starfsanda	Fá fræðslu um jákvæð samskipti og traust, gefa tíma fyrir umræðu starfsfólks, stofna starfsmannafélag	Skóla-stjórnendur	Sept. 2022	Júní 2023	Spurningalisti, starfsmannasamtöl	Spurningar tengdar þessu efni komi hærri út en í könnun 2022
Innra mat							
Gagnaöflun og vinnubrögð	Fá fulltrúa foreldra inn í matsteymi	Kynna starf matsteymis á haustfundi foreldra, auglýsa eftir fulltrúum og kynna þeim helstu atriði innra mats	Matsteymi	Sept. 2022	Júní 2023	Fundargerðir matsteymis	Að foreldrar hafi a.m.k. setið fundi matsteymis þar sem matsáætlun ársins er gerð og greiningarfund vors.
Opinber birting og umbætur	Eiga samtalið við starfsfólk, foreldra og börn um niðurstöður mats og umbætur	Afla upplýsinga frá leikskólum sem standa framarlega í þessu efni, spegla yfir á okkar skóla	Matsteymi	Jan. 2023	Júní 2023	Fundargerðir matsteymis	Að kynningarfundur eða annað sem lagt verður til hafi átt sér stað.



4. Innra mat Lambagarðs – deild fyrir börn fædd 2019 og 2020

Á vorönn fylgdist starfsfólk Lambagarðs markvisst með börnunum í frjálsum leik inni á deildinni til að glöggva sig á hvort umbóta væri þörf á leikrými og leikefni deildarinnar. Notast var við skráningarblöð þar sem hægt var að skrá upplýsingar um hvert rými fyrir sig, hvað það hefur upp á að bjóða og hvernig það nýtist í leik. Starfsfólkið varð margs vísari og var góður samhljómur um þær úrbætur sem við viljum sjá á deildinni. Það var ánægjulegt að fylgjast með börnunum í leik og sjá hversu hugmyndarík þau eru og hversu fær þau eru í að nýta ímyndunaraflíð sitt (t.d. mata dúkku með skeið sem breytist svo í sjónvarpsfjarstýringu augnabliki síðar). Þau áttu öll það sameiginlegt að eiga auðvelt með að skipta snarlega um hlutverk í miðjum leik og allir virtust meðvitaðir um framgang leiksins þrátt fyrir ör hlutverkaskipti. Þau voru dugleg að finna lausnir saman og hughreystu hvert annað þegar þörf var á. Tillögur að umbótum má sjá í umbótaáætlun deildar.

Spurningar og svör barnanna

Hvað lærðum við í leikskólanum ? Mála. Leika. Búa til lest. Skiptast á. Telja. Klæða mig alveg sjálf. Hlusta. Klæða úr fötin. Lesa bók. Lubba.

Hvað var erfitt í leikskólanum ? Taka saman dótið. Skiptast á.

Hvað gerum við í leikskólanum ? Gaman leika. Renna í rennibrautina. Róla. Lesa bók. Húsdýragarðinn. Blöðurnar. Spila hljóðfæri. Syngja Lubba.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastarf							
Skipulag náms og námsaðstæður	Að nýta betur öll rými deildarinnar	Aðlaga leikrými. Verklag vegna hvíldar búi til meira rými fyrir frjálsa leikinn.	Allir á deild	Haust 2022	Vor 2023	Skráningar og myndir af leik barna í rými eftir breytingar bornar saman við skráningar og myndir af leik þegar rýmið var ólíkt.	Bendi skráning á leiknum í stærra rými til þess að breytingin bæti gæði frjálsa leiksins og að rýmið sé betur nýtt þá er markmiðinu náð.
Skipulag náms og námsaðstæður	Bætt aðstaða svo börn bjargi sér meira sjálf.	Fá lægri borð og stóla.	Deildarstjóri	Haust 2022	Jan. 2023	Þjálfa börnin í því að fá sér sjálf sæti hvort sem er vegna verkefna eða til að matast.	Ef börnin ná að vinna upp færni til að setjast sjálf við borð til að vinna eða matast er markmiðinu náð.
Uppeldi, menntun og starfshættir	Notast meira við opinn efnivið sem leikefni	Finna hentugan verðlausan efnivið og kaupa einnig opnara leikefni	Deildarstjóri	Haust 2022	Vor 2023	Skrá leikefni nú og það leikefni sem boðið er upp á í haust. Skrá nýtinguna yfir veturinn.	Að börnunum sé boðið upp á leikefni sem er fjölbreytt, hvetjandi til leiks, ögrandi og ýtir undir sköpun.



5. Innra mat Ungagarðs – deild fyrir börn fædd 2019 og 2020

Starfsfólk Ungagarðs fylgdist með og skráði markvisst frjálstan leik hjá börnunum á vorönn og var þetta gert í þeim tilgangi að átta sig á hvort umbóta væri þörf á leikrými, leikefni, tíma eða öðru á deildinni. Notast var við skráningarblöð þar sem hægt var að skrá upplýsingar um þann leik sem átti sér stað á hverju svæði fyrir sig, hvað það hafði upp á að bjóða og hvernig það nýttist í leik og hvernig leikurinn þróaðist á meðan fylgst var með honum. Tveir starfsmenn deildarinnar tóku fullan þátt í skráninguni, einn tók að hluta þátt og annar tók þátt í umræðum á deildarfundi að skráningu lokinni. Var það sameiginleg niðurstaða að áhugavert væri að stúka svæði fyrir hlutverkaleik betur af þannig að þau börn sem þar væru að leika sér hefðu afmarkaðra svæði fyrir sinni leik og mögulega væri minna um truflun frá öðrum sem væru að leika sér á öðrum svæðum. Einnig var starfsfólkið sammála um að gaman væri að vera með opnaðri efnivið þar sem það tók eftir að þegar börnin léku sér með þess konar efnivið þá voru samskipti milli barnanna meiri og leikurinn frjórri og ímyndunaraflíð fékk að njóta sín.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastarf							
Skipulag náms og námsaðstæður	Afmarka svæði fyrir hlutverkaleik	Fá skilrúm eða annað efni sem afmarkar leiksvæði	Deildarstjóri	Sept. 2022	Des. 2022	Taka myndir og gera skráningar af leiksvæðinu fyrir og eftir	Að lausn hafi fundist á hvernig hægt sé að stúka krókinn betur af svo þau börn sem þar eru að leika sér hafi afmarkaðra svæði og meira næði fyrir leik sinn.
Uppeldi, menntun og starfshættir	Notast meira við opinn efnivið sem krefst meira af ímyndunaraflinu	Finna hentugan verðlausan efnivið t.d. fleiri hólka og kaupa einnig opnara leikefni fyrir þennan aldur	Deildarstjóri	Haust 2022	Vor 2023	Skrá leikefni nú og það leikefni sem boðið er upp á í haust. Skrá nýtinguna yfir veturinn.	Að börnunum standi til boða meira af opnum efnivið sem ýtir undir sköpun og frjóa hugsun.



6. Innra mat Grísagarðs – deild fyrir börn fædd 2018 og 2019

Í síðustu starfsáætlun var ákveðið að á næsta ári yrði gert mat á frjálsa leiknum og var þetta gert til að skoða hvort umbóta sé þörf á leikrými, leikefni. Útbúin voru matsblöð og hver kennari á Grísagarði fylgdust með leiknum og skráðum niður. Áður en skoðunin hófst var búið að ákveða fyrir fram hvaða svæði væru í boði, leikefnið fylgdi svæðunum. Skoðun á leiknum hófst í byrjun febrúar og lauk í lok mars. Við skoðun leiksins kom í ljós að börnin stoppuðu mislengi á hverjum stað, sum börnin stoppa alltaf stutt, önnur ferðast meira um leikrýmið án þess að festa hugan við neitt meðan önnur geta dundað sér lengi í leiknum. Annað sem var tekið eftir við skoðun leiksins var að, það var munur á því hvernig strákar og stelpur leika. Yfirleitt voru stelpurnar duglegri að leika sér og dunda, en strákarnir eru meira fyrir að stoppa stutt og vera á ferðinni. Þetta endurspeglar að hluta til aldursbil barnanna en getur einnig gefið vísbendingar um að við þurfum að skoða skipulag og efnivið.

Spurningar og svör barnanna

Hvað lærðum við í leikskólanum? Ég lærði að skrifa. Ekki hlaupa inni. Syngja. Ekki hoppa í leikskólanum. Læra stafina.

Hvað var erfitt í leikskólanum? Erfitt hopp. Erfitt að sitja kyrr. Erfitt að hlusta. Ekki setja sand í leikskóla. Ekki setja grjón á gólfið.

Hvað gerum við í leikskólanum? Lita, púsla syngjum. Borðum, lúrum. Hlaupa úti. Lærum stafi. Sitja kyrr á rassinum

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastarf							
Skipulag náms og námsaðstæður	Afmarka svæði þar sem börn geta sótt sér ró eða leikið sér einslega eða í fámennum hópi	Útvega grjónapúða, mottur, stóra mjúka kodda eða annað sem hentar fyrir rýmið	Deildarstjóri	Sept. 2022	Des. 2022	Taka myndir og gera skráningar af leiksvæðinu, nýtingu þess og í hvað börnin nota það.	Að rýmið sé nýtt af börnunum og markmið þess haldist.
Námssvið leikskólans	Auka gæði stunda þar sem börn eru að skoða bækur á eigin forsendum	Endurbæta bókakost deildarinnar svo hann passi betur aldri barnanna	Deildarstjóri	Sept. 2022	Des. 2022	Gera skráningar á bókasvæði	Börn uni sér lengur með bækur og sæki í að skoða þær sé val um leiksvæði.



7. Innra mat Kópagarðs – deild fyrir börn fædd 2017 og 2018

Á vorönn fylgdist starfsfólk Kópagarðs markvisst með börnunum í frjálsum leik inni á deildinni til að skoða til dæmis hvort umbóta væri þörf á leikrými og leikefni deildarinnar og einnig til að skoða leiktímann á hverju svæði og hvort það væri einhver kynjamunur á leik barnanna. Rýnt var í leikinn samkvæmt skema sem þróað var fyrir skráningar og skoðað hversu lengi börnin léku á ákveðnum svæðum. Svæðið við leikfanga-hillur og kubba og playmósvæði þar eru þau svolítið að koma og fara en í hlutverkakrök og borðverkefni stoppa þau lengur. Sum svæði voru of þröng fyrir leikinn og leikefnið og er nauðsynlegt að laga það. Gott var að skrá leikinn til að sjá hvað er vinsælast og hvaða svæði eru síður vinsæl og bregðast við því með því t.d. að breyta um staðsetningu leiksvæða setja nýtt leikefni inn eða færa bara til.

Til að meta starfið voru einnig lagðar spurningar fyrir börnin. Við tókum eina spurningu út til að skoða betur og var það spurningin „Hvað lærir maður í leikskóla“ Það sem kom okkur á óvart var hversu fjölbreytt og ólík svörin voru. Einnig tók hópur þátt í mati með stuðningi ljósmynda þar sem börnin forgangsróðuðu svæðum og verkefnum á deildinni. Svæði fyrir frjálsan leik voru ofarlega í forgangsróðuninni.



Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastarf							
Skipulag náms og námsaðstæður	Bæta leikrými og skoða leikefni	Reyna að móta stærra rými fyrir leikinn, grisja leikföng og setja opnara leikefni þess í stað	Deildarstjóri	Sept. 2022	Maí. 2023	Taka myndir og gera skráningar af leiksvæðinu, nýtingu þess. Ræða við börnin.	Að breytingarnir verði til þess að leikurinn þróist og auki fjölbreytileikann og rýmið nýttist betur fyrir leikinn

8. Innra mat Uglugarðs – deild fyrir börn fædd 2016 og 2017

Á vordögum gerði starfsfólk Uglugarðs skráningar á leik barnanna. Tilgangurinn var að rýna frjálsan leik barnanna og sjá hvar má betur fara. Skoðaður var leikur á borði, leikur á gólfsvæði og í hlutverkakrók. Hver starfsmaður fylgdist með og skráði. Á fundi var umræða um skráninguna og það sem betur má fara varðandi leikinn. Einnig tók hópur þátt í mati með stuðningi ljósmynda þar sem börnin forgangsroðuðu svæðum og verkefnum á deildinni. Svæði fyrir frjálsan leik voru ofarlega í forgangsroðuninni og nýtt svæði með einingakubbum kom einnig vel út. Umbætur væru helstar á matmálstímum og endurskoðun á eldri leikföngum sem eru komin á tíma.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastarf							
Skipulag náms og námsaðstæður	Bæta aðstöðu og skoða leikefni í hlutverkakrók sem er samkv. mati barnanna vinsælasta leikrýmið	Endurnýja leikefni sem er orðið mjög slitið til að viðhalda vinsældum svæðisins og styðja við leikinn sem þar þróast	Deildarstjóri	Sept. 2022	Maí. 2023	Taka myndir og gera skráningar af leiksvæðinu, nýtingu þess. Ræða við börnin.	Að breytingarnir verði til þess að leikurinn þróist og auki fjölbreytileikann og rýmið nýtist betur fyrir leikinn
Námssvið leikskólans	Aukin listsköpun í leikskólastarfinu, s.s. tónlist og dans	Nýta sérmenntaða kennara til að auðga leikskóladaginn með tónlistar- og dansstundum	Deildarstjóri, kennarar	Sept. 2022	Jan. 2023	Rými fyrir listsköpun í dagskipulagi aukist, áhugi barna á þátttöku aukist.	Að öll börn á deild taki virkan þátt í dansi eða tónlistarsköpun og stundirnar séu eftirsóttar.
Mannauður/leikskólabragur							
Velferð og líðan barna	Auka sjálfstæði og sjálfsákvörðun barna í máltíðum í leikskólanum	Skoða skipulag, mönnun og aðstöðu í matmálstímum	Deildarstjóri	Sept. 2022	Des. 2022	Endurtaka rýnihópa barna með áherslu á matmálstíma, umræður starfsfólks	Að börn hafi jákvæðari upplifun af matmálstíma og sjálfstæði þeirra aukist.



9. Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Á liðnu starfsári, 2021-2022 fékk eitt barn 100% stuðning í 1.flokki og annað minna hlutfall í 2.flokki. Sérkennslustjóri hélt utan um málörvunarhópa á tveimur deildum þar sem unnið var með hlustun, framburð, hljóðgreiningu, orðaforða og skilning. Sérkennslustjóri hefur fylgt barni í 100% stuðningi eftir að hluta og séð um þjálfun, kallað til teymisfundi reglulega og haldið utan um skýrslugerðir, þar með talið vegna skólaskila. Haldnir voru skilafundir með grunnskólum til að mikilvægar upplýsingar kæmust á milli skólastiga. Alls 22 börn hafa þurft íhlutun og þar af ellefu fengið eftirfylgd og ráðgjöf frá þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis, ýmist sérkennsluráðgjöfum, hegðunarráðgjöfum, talmeinafræðingi og/eða sálfræðingum. Sérkennslustjóri hefur gert einstaklingsáætlanir út frá AEPS-listum og í samráði við deildarstjóra, verið tengiliður leikskólans og setið fundi með sérfræðingum og foreldrum.

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Við skráningu var AEPS-listinn notaður, orðaforðalisti Menntamálastofnunar hafður til hliðsjónar auk lista úr bókinni *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja- til þriggja ára barna* og skráningarblöð sem tilheyra málörvunarefninu *Tölum saman*.

Hvaða matsgögn voru notuð? TRAS er lagt fyrir öll börn á leikskólanum, EFI-2 fyrir öll börn á fjórða aldursári og Hljóm fyrir þau elstu. AEPS-listinn og einstaklingsáætlun unnin út frá því.

Hvaða námsefni var notað? Dæmi um námsefni sem notað var er: *Lubbi finnur málbein*, efni úr *Lærum og leikum með hljóðin*, *Tölum saman*, *Ljáðu mér eyra*, efnið *Orðaskil*, *orðanám í leikskóla*, *Orðagull*, ýmis spil, bækur og heimagerð efni.

10. Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Fimmtán börn voru fjöltyngd eða með annað móðurmál en íslensku og fengu sjö þeirra sérstaka málörvun með áherslu á aukinn orðaforða, skilning og tjáningu. Kennslan fór fram aðallega í litlum hópum og í sumum tilvikum einnig í einstaklingsvinnu. Við skráningu var orðaforðalisti Menntamálastofnunar hafður til hliðsjónar auk lista úr bókinni *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja- til þriggja ára barna* og skráningarblöð sem tilheyra málörvunarefninu *Tölum saman*. Túlkabjónusta er ávallt í boði fyrir foreldra sem geta ekki tjáð sig á íslensku og leikskólinn útvegar viðeigandi námsgögn fyrir þennan hóp barna. Í vetur hefur áherslan snúist um að gera úrbætur varðandi fjöltyngd börn og byrjuðum við í vetur á því að innleiða *Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla*. Deildarstjórar eru að læra á og fíkra sig áfram í því hvernig best sé að vinna með þá en vilja nánari kynningu. Sérkennslustjóri hefur sótt kynningarfundum um hæfniramma og miðlað



upplýsingum til deildarstjóra. Hæfnirammarnir hjálpa okkur að halda betur utan um fjöltyngdu börnin og fylgjast með framförum þeirra í íslensku. Einnig vantar gott móttökusamtalsblað til að nota við upphaf leikskólagöngu sem er í vinnslu.

Sem dæmi um daglega vinnu með orðaforða eru kennarar hvattir til að leggja orð á athafnir og hver kennari hvattur til að tala sérstaklega við barnið daglega (Gefðu 10 reglan). Málörvun er í gegnum “Lubbi finnur málbein” sem notað er á fjölbreyttan hátt á öllum deildum og alltaf byggt ofaná eftir því sem börnin verða eldri.

Lesið er sérstaklega með barni sem er fjöltyngt eins og tók eru á og orðaforði þannig dýpkaður. Einnig eru hljómfall, leikræn tjáning og myndir notaðar. Málörvunarhópar eru stöðugt í gangi þar sem unnið er sérstaklega með orðaforða, skilning, hlustun og tjáningu.

Til að meta framfarir barnanna er stuðst við orðaskil og orðaforða Menntamálastofnunar, TRAS, Bjargir(snemmtæk íhlutun) og Einn leikskóli, mörg tungumál. Í vetur byrjað var á að innleiða Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla

Aðaláherslan hefur verið á aukinn orðaforða, skilning og tjáningu en reynt er að huga að öllum þáttum máls. Börnin eru hvött til þátttöku í samverustundum og studd til þess.

11. Umbótaáætlun sérkennslu og fjöltyngdra barna 2022-2023

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastarf							
Námssvið leikskólans	Vinna læsisáætlun.	Stofna starfshóp með kennurum sem vinnur drög að læsisáætlun.	Sérkennslu-stjóri og leikskóla-stjóri	Sept. 2022	Maí. 2023	Fundargerðir starfshóps.	Fyrir liggi læsisáætlun.
Skipulag náms og námsaðstæður	Aðgengi að námsefni til stuðnings verði betra.	Fara yfir og meta ástand, flokka og merkja það efni sem til er.	Sérkennslu-stjóri og aðst.leik-skólastjóri	Sept. 2022	Maí. 2023	Aðgengið sé gott og skipulag einfalt, metið með spurningalista	Að kennara séu ánægðir með skipulag stuðningsgagna og þekki flokkun þess.
Leikskóli margbreyti-leikans	Vinna móttökuáætlun	Setja upp móttökuáætlun fyrir alla og nýta hæfniramma fyrir fjöltyngd börn	Sérkennslu-stjóri	Júní 2022	Mars 2023	Móttökuáætlun sé orðin til.	Móttökuáætlun sé til staðar og nýtt við innritun 2023



12. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru haldin í febrúar 2022. Samtölin snérust um samskipti á deildum, samskipti milli deilda og samskipti við stjórnendur. Einnig var rætt um hugmyndir um fræðslu og áhuga starfsfólks á námskeiðum. Eftir starfsmannasamtölin var unnin símenntunaráætlun og verða eftirfarandi áherslur í fræðslu í leikskólanum næsta vetur sem tengjast óskum starfsfólks, stefnu skólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Á skipulagsdögum:

- Læsi og málþroski / snemmtæk íhlutun
- Hegðunarerfiðleikar/ágreiningur barna
- Fjölbreytileiki í skólastarfi
- Kynning á áhugaverðum verkefnum starfsfólks (tónlist, lýðræði, hreyfing)
- Gerð nýrrar skólanámskrár

Aðkeypt námskeið verða svo frá Lubbasmiðjunni og skyndihjálpi í samstarfi við sumarþúðir KFUM&KFUK. Þrír deildarstjórar eru skráðir á námskeið Menntafléttunnar 2022-2023. Á síðasta starfsári var farið í námsferð til Þýskaland þar sem farið var á námskeið um náttúru og sköpun. Á næsta starfsári eru hugmyndir um að fara í námsferð innanlands til að skoða skóla og sækja námskeið. Frá og með hausti 2022 gerir leikskólinn námssamninga við starfsfólk sem vill sækja sér kennaramenntun eða aðra háskólamenntun sem tengist starfi leikskólans. Einnig ef starfsfólk vill sækja nám leikskólaliða.

13. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólinn tekur þátt í samstarfsverkefninu Farsæl skil leik- og grunnskóla ásamt Langholtsskóla, Brákarborgar, Langholti og Sunnuás. Markmið samstarfs milli leikskóla og grunnskóla er að stuðla að jávæðri upplifun barnanna af flutningnum milli skólastiganna. Eitt af markmiðum samstarfsins er að börnin í hverfinu fái að kynnst áður en grunnskólagangan hefst og einnig að þau fái að kynnst Langholtsskóla. Samstarf við leikskóla og grunnskólahverfisins er sett niður á fundi í ágúst þar sem deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar grunnskólans tímasetja viðburði. Fastir liðir eru að elstu nemendur leikskólanna og nemendur í fyrsta bekk hittast á degi íslenskrar tungu í Langholtsskóla og syngja saman og fyrir hvert annað. Sami hópur hittist í desember til að leika sér á leiksvæði í Laugardal og fær sér kakó og piparkökur. Á vordögum fara þau börn sem fara í Langholtsskóla í haust í heimsókn í 1. bekk. Þar fá þau að kynnst skólastofunni og vinna ýmis verkefni. Einnig er venjan að leikskólarnir í hverfinu og Langholtsskóla hittist á leikjalegi á vordögum.



14. Foreldrasamvinna

Í Vinagarði er starfandi stjórn leikskólans sem einnig ber ábyrgð á rekstri skólans. Í mars er kosið í stjórnina á aðalfundi. Í henni sitja fimm einstaklingar þar sem stjórn KFUM og KFUK skipar einn fulltrúa og foreldrafélag leikskólans annan. Aðrir stjórnarmenn eru félagar í KFUM og KFUK. Stjórnarmenn eru yfirleitt alltaf einnig foreldrar í leikskólanum. Stjórnin hittist mánaðarlega á fundi þar sem farið er yfir starfið í leikskólanum, rekstur og ýmis verkefni.

Foreldrafundir eru haldnir að hausti þar sem farið er yfir vetrarstarfið og önnur mál rædd. Á vorin er nýjum foreldrum boðið til kynningarfundar, oftast í byrjun júní. Þá er stefna skólans og ýmis hagnýt atriði kynnt, starfsfólk deilda kynnt og fyrirkomulag á aðlögun. Foreldrar fá einnig að ganga um skólann og spyrja spurninga.

Foreldrasamtöl eru árlega í febrúar og mars. Þar er farið yfir nám og þroska barnsins, líðan og aðra hluti sem deildarstjóri/kennari telur mikilvægt að ræða auk þess sem foreldrar koma með sín málefni. Ef þroskamat eða skimun hefur farið fram er einnig farið yfir þær niðurstöður og hvernig unnið skal með þær.

Foreldrafélag er starfandi og eru allir foreldrar eru sjálfkrafa í foreldrarfélaginu. Félagið skipuleggur ýmsa viðburði eins og haustferð í Vatnaskóg, jólasveinaheimsóknir, jólaball og vorhátíð. Einnig gefur foreldrafélagið öllum börnum bók í jólagjöf og stundum litlar gjafir til starfsfólks.



15.Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla:

Vinagarður

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 M	Friðagur verslunarmanna	1 F		1 L		1 Þ	Jól í skókassa hefst	1 F	Fullveldisdagurinn Aðventukaffi foreldra	1 S	Nýársdagur	1 M		1 M		1 L		1 M	Verkalyðsdagurinn	1 F	
2 Þ	Skipulagsdagur	2 F		2 S		2 M		2 F		2 M	Skipulagsdagur	2 F		2 F		2 S	Pálmasunnudagur	2 Þ		2 F	
3 M		3 L		3 M		3 F		3 L	Jólaball foreldrafélagsins	3 Þ		3 F		3 F		3 M		3 M		3 L	
4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 L		4 L		4 Þ		4 F		4 S	Sjómennadagurinn
5 F		5 M		5 M		5 L		5 M		5 F		5 S		5 S		5 M		5 F		5 M	
6 L		6 Þ		6 F	Hautferð í Vatnaskóg	6 S		6 Þ		6 F	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans	6 M		6 F	Skírdagur	6 L		6 Þ	
7 S		7 M		7 F		7 M		7 M		7 L		7 Þ	Dagur tónlistarskólans	7 Þ		7 F	Föstudagurinn langi	7 S		7 M	
8 M		8 F	Dagur læis	8 L		8 Þ	Baráttudagur gegn einelli	8 F		8 S		8 M		8 M		8 L		8 M		8 F	
9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 F	Jólalegur dagur - rauður dagur	9 M		9 F		9 F		9 S	Páskadagur	9 Þ		9 F	
10 M		10 L		10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 F		10 M	Annar í páskum	10 M		10 L	
11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S		11 M		11 L	Dagur íslenska táknmálsins	11 L		11 Þ		11 F		11 S	
12 F		12 M		12 M		12 L		12 M		12 F		12 S		12 S		12 M		12 F		12 M	
13 L		13 Þ		13 F		13 S	Féðradagurinn	13 Þ		13 F		13 M		13 M		13 F		13 L	Opið hús í Vinagarði - Vorhátíð	13 Þ	
14 S		14 M		14 F	Bleikur dagur	14 M		14 M		14 L		14 Þ		14 Þ	Dagur stærðfræðinnar	14 F		14 S	Mæðradagurinn	14 M	
15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F	
16 Þ		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 S		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 F		16 M		16 F		16 F		16 S		16 Þ		16 F	Þjóðhátíð Vinagarðs
17 M		17 L		17 M		17 F	Afmæli Vinagarðs	17 L		17 Þ		17 F		17 F		17 M		17 M		17 L	Lýðveldisdagurinn
18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 L		18 L		18 Þ		18 F	Uppstigningardagur	18 S	
19 F		19 M		19 M		19 L		19 M		19 F		19 S	Konudagur	19 S		19 M		19 F		19 M	
20 L		20 Þ		20 F		20 S	Dagur mannréttinda barna	20 Þ		20 F	Bóndadagur	20 M	Bolludagur	20 M		20 F	Sumardagurinn fyrsti	20 L		20 Þ	
21 S		21 M		21 F		21 M		21 M		21 L		21 Þ	Sprengidagur	21 Þ		21 F		21 S		21 M	
22 M		22 F		22 L	Fyrsti vetrardagur	22 Þ		22 F		22 S		22 M	Óskudagur	22 M		22 L		22 M		22 F	
23 Þ		23 F		23 S		23 M		23 F	Þorláksmessa	23 M		23 F		23 F		23 S		23 Þ		23 F	
24 M		24 L		24 M		24 F		24 L	Aðfangadagur jóla	24 Þ		24 F		24 F		24 M		24 M		24 L	
25 F		25 S		25 Þ		25 F		25 S	Jóladagur	25 M		25 L		25 L		25 Þ		25 F		25 S	
26 F		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 M		26 L		26 M	Annar í jólum	26 F		26 S		26 S		26 M		26 F		26 M	
27 L		27 Þ		27 F	Bangsadagur	27 S	Fyrsti sunnudagur í aðventu	27 Þ	Skipulagsdagur	27 F		27 M		27 M		27 F		27 L		27 Þ	
28 S		28 M		28 F		28 M		28 M	Skipulagsdagur	28 L		28 Þ		28 Þ		28 F		28 S	Hvítasunnudagur	28 M	
29 M		29 F		29 L		29 Þ		29 F	Skipulagsdagur	29 S				29 M		29 L		29 M	Annar í Hvítasunnu	29 F	
30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 F	Skipulagsdagur	30 M				30 F		30 S		30 Þ		30 F	
31 M				31 M				31 L	Gamlársdagur	31 Þ				31 F				31 M			

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



Fylgiskjal 1 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun Vinagarðs 2022 – 2023

Foreldraráð leikskólans skipa:

Matthildur Bjarnadóttir

Jóhanna Klara Stefánsdóttir

Birgir Ásgeirsson

Berglind Ósk Einarsdóttir

Berglind Ólöf Sigurvinsdóttir

Sigríður Ýr Aradóttir

Umsögn foreldraráðs:

Vinagarður, leikskóli KFUM og KFUK, stendur fyrir metnaðarfullu starfi drifið áfram af faglegum hópi starfsfólks og stjórnenda. Velferð barna er höfð að leiðarljósi í Vinagarði þar sem notalegt andrúmsloft er áberandi. Námið við Vinagarð býr börnum hollt og hvetjandi umhverfi.

Leikskólastjóri hefur lokið við fyrsta starfsár sitt við skólann og sett sitt mark á skólastarfið með markvissri, skipulagðri og faglegri stjórnun og stefnuvinnu.

Starfsáætlun Vinagarðs 2022-2023 er vel ígrunduð, metnaðarfull og raunsæ. Starfsáætlunin er byggð á vel unnu mati. Matið fór fram síðasta starfsár, hvort tveggja fyrir leikskólann í heild og einnig innan hvernar deildar þar sem sérstaklega var litið til frjáls leiks barna. Matið er umbótamiðað og leggur faglegan grundvöll að endurbótum í starfi Vinagarðs. Niðurstöður matsins eru nýttar til raunhæfra, tímasettra og árangursmiðaðra umbátapátta fyrir næsta skólaár.

Starfsáætlun Vinagarðs er innan ramma skólanámskrár leikskólans og helst í hendur við menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.



